

# Siðareglur stjórnarmanna



## 1. gr.

### *Markmið siðareglanna*

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem stjórnarmenn í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs vilja sýna af sér við öll sín störf. Með stjórnarmönnum er átt við aðalmenn jafnt sem varamenn. Sömu siðareglur gilda fyrir áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamenn þeirra eins og fyrir stjórnarmenn. Til einföldunar er hér fyrir aftan aðeins talað um stjórn og stjórnarmenn en þá er átt við reglur sem einnig gilda fyrir áheyrnarfulltrúa, þó að þeir séu í raun ekki hluti af stjórn.

## 2. gr.

### *Starfsskyldur*

Stjórnarmenn gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta almannahagsmuna og hagsmuna Vatnajökulsþjóðgarðs. Í störfum sínum eru stjórnarmenn bundnir af lögum, reglum og samþykktum Vatnajökulsþjóðgarðs sem og sannfæringu sinni.

Stjórnarmenn hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórnarmenn móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórnarmenn gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstur þjóðgarðsins sé ávallt eins og best verður á kosið. Stjórnarmenn aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé. Stjórnarmenn forðast að hafast nokkuð að sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Vatnajökulsþjóðgarð.

Formenn svæðisráða hafa það hlutverk að upplýsa íbúa í nágrenni Vatnajökulsþjóðgarðs um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri þjóðgarðsins eins og kostur er. Fulltrúi náttúruverndarsamtaka og áheyrnarfulltrúi útivistarsamtaka hafa það hlutverk að upplýsa bakland sitt um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri þjóðgarðsins eins og kostur er. Stjórnarformaður og varaformaður hafa það hlutverk að upplýsa ráðherra um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri þjóðgarðsins eins og kostur er.

Stjórnarmenn eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.

Stjórn skal byggja allar sínar ákvarðanir á þessum markmiðum og á þeim þremur meginstoðum sem hafðar eru að leiðarljósi í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins; náttúruvernd, útivist og byggðaþróun.

### 3. gr.

#### *Valdmörk og málefnaleg umfjöllun*

Stjórnarmenn gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs. Þeir sýna störfum og réttindum annarra stjórnarmanna og starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs virðingu.

Stjórnarmenn skulu fara vel með vald sitt og gæta þess að umfjöllun sé ávallt málefnaleg. Þeir skulu einnig gæta þess að persónulegar skoðanir á einstaklingum, stofnunum eða viðfangsefnum hafi ekki áhrif á umfjöllun sína og niðurstöður. Sömu leiðis skulu þeir taka tillit til sjónarmiða allra málsaðila án þess þó að láta skoðanir annarra rýra nauðsynlegt sjálfstæði sitt eða hafa áhrif á eigin afstöðu og ályktanir.

### 4. gr.

#### *Hagsmunaárekstrar*

Stjórnarmenn forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og ber að tilkynna formanni stjórnar um hugsanleg vanhæfi sitt.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga.

Stjórnarmenn nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Vatnajökulsþjóðgarð lýkur.

### 5. gr.

#### *Gjafir og fríðindi*

Stjórnarmenn þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu Vatnajökulsþjóðgarðs nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Stjórnarmenn þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### 6. gr.

#### *Trúnaður*

Stjórnarmenn gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að stjórnarmenn láta af störfum.

Stjórnarmenn virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á stjórnarfundum Vatnajökulsþjóðgarðs og öðrum fundum á vegum þjóðgarðsins, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, nema að annað sé ákveðið.

## 7. gr.

### *Stöðuveitingar*

Stjórnarmenn gæta þess að við stöðuveitingar hjá Vatnajökulspjóðgarði sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

## 8. gr.

### *Miðlun siðareglna til stjórnarmanna og almennings*

Stjórnarmenn undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki þjóðgarðsins og almenningi til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

*Samþykkt í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þann 21. mars 2012.*